

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

34. gr. breytist þannig:

2. málsl. 1. mgr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Simon Sigvaldason.

Nr. 644

12. nóvember 1997

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Vættaborgum gagnvart umferð um Strandveg,
2. að biðskylda verði á Melavegi gagnvart umferð um Strandveg,
3. að biðskylda verði á Vík gagnvart umferð um Strandveg.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1997.*

e.u.

**Sturla Þórðarson.**

Nr. 645

17. nóvember 1997

## AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Molduhrauns, Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. nóvember 1997 staðfest deiliskipulag fyrir iðnaðar-, verslunar- og þjónustuhverfið Molduhraun, Garðabæ. Deiliskipulagið er endurskoðun á áður gerðum uppdrætti frá 14. september 1988.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 17. nóvember 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

Magnús Jóhannesson.